



Um afstöðu þingflokka um stjórnarskrármálið á Alþingi 18. og 30. nóvember 1943

Bjarni Benediktsson – Afstaða þingflokka - Stjórnarskrármálið - Alþingi 18. - 30. nóvember 1943

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-9, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þringflokkur Framsóknarflokks, Samvinnu-
flokks Alþingis Socialistis flokksins
og Sjálfstæðisflokks

er sammála um, að stofna ~~stjórn~~
lýðveldi á Íslandi eigi síðar en 17.

milliþinga júní 1944 og kafa ákveðið að bera
fram á Alþingi ^{framtíð} stjórnskrá

milliþingudemianna í byrjun janúar mánaða
n. b. og verti ^{Alþ.} þringi ballat samant ^{til vesturlægs fundar} eigi
síðar en 10. janúar 1944 til þess
að afgreiða málið

Alþingi 30. nov. 1943

Á sameiginlegum fundi miðstjórnar og þingmanna Framsóknar-
flokksins 18. nóvember 1943, voru eftirfarandi ályktanir samþykktar:

1. Framsóknarflokkurinn vill spyrjast fyrir um það hjá hinum stjórn-
mála-flokkunum hvort óhugsandi sé, að samkomulag náist milli
stjórnsmála-flokkanna um að sjálfstæðismálið fái endanlega þing-
lega afgreiðslu, 17-20. maí næstkomandi með gildistöku 17. júní
næstkomandi.
2. Ef ekki næst samkomulag um þetta, vill Framsóknarflokkurinn spyrjast
fyrir um það, hvort sjálfstæðisflokkurinn og sósíalístaflokkur-
inn séu ófáanlegir til að biða með að ~~ákveða~~ ákveða hve-
nær málið skuli fá endanlega þinglega afgreiðslu til 28. p.m.,
að alþýðuflokkurinn hefir fengið tækifæri til að taka flokks-
lega aðstöðu til málsins á aukabíngi sínu.

Náist ekki samkomulag í stjórnarskrárnefndinni um að fresta til
29. nóv. ákvörðun um það, hvenær ~~lýðveldismálið~~ lýðveldismálið verði af-
greitt, og náist ekki samkomulag um að afgreiða málið 17-20. maí 1943, heim-
ilar flokkurinn fulltrúum sínum að fylgja fram eftirfarandi meðferð málsins:

1. Að flokkurinn leggi til fulltrúa með öðrum flokkum við flutning
sjálfstæðismálsins á Alþingi, ef það verður tekið fyrir á Alþingi
til lokameðferðar í janúar eða febrúar næsta ár.
2. Að lýsa yfir með öðrum flokkum í byrjun næsta mánaðar að skilnaðar-
málið verði tekið fyrir til lokameðferðar eftir næstu áramót, á
þeim tíma sem umsemst við þá flokka, sem fylgja málinu.
3. Að tilkynna sjálfstæðisflokknum og sósíalístaflokknum að Fram-
sóknarflokkurinn sjái sér ekki fært að taka þetta í flutningi
sjálfstæðismálsins á Alþingi fyrir næstu áramót.